

19. september 2025

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – þvottahús

Umsókn um starfsleyfi vegna þvottahúss á Heppuvegi 6, 780 Höfn barst þann 6. ágúst 2025. Umsækjandi var Stórtækur ehf. kt. 560125-1350.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 20. ágúst í 4 vikur. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 17. september 2025.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 19. september 2025 með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt,



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi